

Stefnumótun Veðurstofu Íslands Hlutverk, framtíðarsýn og stefnur



Ingveldur Björg Jónsdóttir

Stefnumótun Veðurstofu Íslands Hlutverk, framtíðarsýn og stefnur

Ingveldur Björg Jónsdóttir, Veðurstofu Íslands
(ritstjóri)

Lykilsíða



Skýrsla nr.: VÍ 2011-004	Dags.: Júní 2011	ISSN: 1670-8261	Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/> Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Stefnumótun Veðurstofu Íslands Hlutverk, framtíðarsýn og stefnur		Upplag: 20 Fjöldi síðna: 32	
Höfundar: Ingveldur Björg Jónsdóttir (ritstjóri) Heiðveig María Einarsdóttir Framkvæmdaráð Veðurstofu Íslands		Framkvæmdastjóri sviðs: Hafdís Karlsdóttir Verkefnisstjóri: Heiðveig María Einarsdóttir	
Gerð skýrslu/verkstig:		Verknúmer: 11120	
Unnið fyrir: Framkvæmdaráð Veðurstofu Íslands			
Samvinnuaðilar:			
Útdráttur: Skýrslan er afurð stefnumótunarvinnu Veðurstofu Íslands. Stefnumótunin var unnin af starfsmönnum Veðurstofunnar með leiðsögn frá Intellecta og verkefnastofu Veðurstofunnar. Í skýrslunni eru dregin saman tilgangur, hlutverk, viðfangsefni, gildi, framtíðarsýn og stefnur Veðurstofunnar og sviða hennar, auk þess sem greint er frá aðferðafræðinni við vinnslu stefnumótunarinnar. Í lok skýrslunnar eru lögð fram mælanleg markmið.			
Lykilorð: Tilgangur, hlutverk, viðfangsefni, gildi, framtíðarsýn, hlutverk sviða, framtíðarsýn sviða, stefnur, mælanleg markmið		Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs:  Undirskrift verkefnisstjóra:  Yfirfarið af: Barði Þorkelsson	

Efnisyfirlit

MYNDASKRÁ	6
TÖFLUSKRÁ	6
1 INNGANGUR.....	7
2 VEÐURSTOFA ÍSLANDS.....	7
2.1 Stjórnskipulag Veðurstofu Íslands	8
2.2 Lagaleg umgjörð.....	9
2.3 Mikilvægi og sérstaða	9
3 FRAMTÍÐARSÝN VEÐURSTOFU ÍSLANDS	11
3.1 Tilgangur	11
3.2 Hlutverk.....	11
3.3 Viðfangsefni	12
3.4 Gildi.....	13
3.5 Framtíðarsýn.....	13
3.6 Stefnur	14
3.6.1 Gagnastefna	14
3.6.2 Gæðastefna	15
3.6.3 Innkaupastefna.....	15
3.6.4 Mannauðsstefna.....	16
3.6.5 Náttúruvárstefna	17
3.6.6 Rannsóknastefna.....	17
3.6.7 Skjalastefna	18
3.6.8 Stefna um erlend samskipti	18
3.6.9 Upplýsinga- og kynningastefna.....	19
3.6.10 Viðskipta- og þjónustustefna.....	19
3.6.11 Þróunarstefna.....	20
4 HLOTVERK OG FRAMTÍÐARSÝN SVIÐA.....	20
4.1 Skrifstofa forstjóra.....	20
4.1.1 Hlutverk Skrifstofu forstjóra	20
4.1.2 Framtíðarsýn Skrifstofu forstjóra	21
4.2 Athugana- og tæknisvið.....	22
4.2.1 Hlutverk Athugana- og tæknisviðs.....	22
4.2.2 Framtíðarsýn Athugana- og tæknisviðs.....	22
4.3 Úrvinnslu- og rannsóknasvið.....	22
4.3.1 Hlutverk Úrvinnslu- og rannsóknasviðs.....	22
4.3.2 Framtíðarsýn Úrvinnslu- og rannsóknasviðs.....	23
4.4 Eftirlits- og spásvið	23

4.4.1 Hlutverk Eftirlits- og spásviðs.....	23
4.4.2 Framtíðarsýn Eftirlits- og spásviðs.....	24
4.5 Fjármála- og rekstrarsvið.....	24
4.5.1 Hlutverk Fjármála- og rekstrarsviðs.....	24
4.5.2 Framtíðarsýn Fjármála- og rekstrarsviðs.....	25
5 AÐFERÐAFRÆÐI	25
5.1 Innleiðing.....	28
5.2 Endurskoðun.....	29
6 MÆLANLEG MARKMIÐ	29

Myndaskrá

Mynd 1. Skipurit Veðurstofu Íslands.	8
Mynd 2. Aðferðafræði.....	27
Mynd 3. Ferill stefnumótunar.....	28

Töfluskrá

Tafla 1. Mælanleg markmið Veðurstofu Íslands.....	30
---	----

1 Inngangur

Í þeirri stefnumótunarvinnu sem starfsmenn Veðurstofu Íslands hafa unnið við að undanförunu og hér er lögð fram, eru áherslur eðlilega að nokkru leyti þær sömu og í ársbyrjun 2009 þegar Veðurstofan og Vatnamælingar Orkustofnunar voru sameinaðar, enda lagaumgjörðin og ytri kröfur þær sömu. Að stefnumótuninni var unnið þvert í gegnum allt starf stofnunarinnar og með aðkomu um 100 starfsmanna hennar í 49 verkefnaflokkum. Leiðarljós stefnumótunarinnar voru hlutverk stofnunarinnar, framtíðarsýn hennar og gildi. Sérstök áhersla var lögð á að samræma innri starfsemi sviðanna heildarhlutverki og framtíðarsýn Veðurstofunnar, tryggja þar með að öll starfsemi stofnunarinnar falli undir hlutverk hennar og að hlutverkinu sé sinnt að fullu. Unnin var framtíðarsýn allra sviða og stefnur í 11 málaflokkum voru mótaðar eða endurskoðaðar. Með þessari vinnu hafa línurnar verið lagðar fyrir komandi ár.

2 Veðurstofa Íslands

Ný Veðurstofa Íslands var sett á stofn með lögum nr. 70/2008. Með þeim voru sameinaðar tvær stofnanir, Veðurstofa Íslands og Vatnamælingar Orkustofnunar, en jafnframt var nýrri stofnun falið að sinna auknum verkefnum á sviði náttúrvár og loftslagsmála. Einnig var henni falið að annast allar almennar vatnafarsrannsóknir. Ný stofnun hóf starfsemi sína þann 1. janúar 2009.

Aðdragandi að stofnun nýrrar Veðurstofu Íslands var ekki langur. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Geirs H. Haarde vorið 2007 var stefnt að þessari sameiningu og var fyrsta skrefið að flytja Vatnamælingar frá iðnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis þann 1. janúar 2008. Því næst var umhverfisráðherra falið að undirbúa sameiningu stofnananna, m.a. með tilliti til nauðsynlegra lagabreytinga. Fyrsta skref í þeim undirbúningi var að greina núverandi starfsemi beggja stofnana, lýsa helstu starfsþáttum, meta mikilvægi þeirra, hagræði af sameiningu og benda á æskileg ný viðfangsefni sameinaðrar stofnunar. Til þessa verks voru fengnir þrír sérfræðingar, Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur, Hákon Aðalsteinsson vatnalíffræðingur og Sveinbjörn Björnsson eðlisfræðingur. Sérfræðihópurinn skilaði ítarlegri álitgerð um starfsemi stofnananna og kosti sameiningar.

Í framhaldi af framangreindri greiningarvinnu skipaði umhverfisráðherra starfshóp þann 14. janúar 2008 til að leggja grunn að lagafrumvarpi um hina nýju stofnun. Í starfshópinu voru skipuð: Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Árni Snorrason, forstöðumaður Vatnamælinga, Magnús Jónsson veðurstofustjóri, Hermann Sveinbjörnsson, sérfræðingur í umhverfisráðuneytinu, Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu og Þorsteinn Sæmundsson, sérfræðingur í umhverfisráðuneytinu. Sigurður H. Helgason, framkvæmdastjóri Stjórnháttu ehf., starfaði með starfshópnum að verkefninu. Auk þess sátu fundi starfshópsins Matthew J. Roberts, fyrir hönd Starfsmannafélags Veðurstofu Íslands, og Gunnar Sigurðsson, fyrir hönd starfsmanna Vatnamælinga. Starfshópurinn skilaði tillögum í formi greinargerðar til umhverfisráðherra þann 7. mars. Honum var einnig falið að finna nafn á nýja stofnun, en komst ekki að niðurstöðu, þannig að þeirri ákvörðun var vísað til umhverfisráðherra. Ráðherra skar úr um að ný stofnun skyldi bera nafnið Veðurstofa Íslands.

Starfsstöðvar Veðurstofunnar í Reykjavík hafa fram að þessu verið á Bústaðavegi 9 og Grensásvegi 9. Nú hefur Veðurstofan hins vegar fengið húsnæðið að Bústaðarvegi 7 og er gert ráð fyrir því í framtíðinni að byggja við það sem nægja mun fyrir bæði þá starfsemi


sem nú er á Bústaðavegi 9 og eins aðstöðu fyrir farartæki og ýmsan búnað til útivinnu sem verður enn um sinn á Grensásvegi. Skipulagsvinna er hafin í samvinnu við Skipulags- og byggingasvið Reykjavíkurborgar.

Auk starfseminnar í Reykjavík rekur stofnunin útibú á Ísafirði þar sem einkum er unnið að ofanflóðaverkefnum. Auk þess eru gerðar veðurathuganir og fleiri mælingar í starfsstöð á Keflavíkurflugvelli. Þá starfa á vegum stofnunarinnar athugunar- og eftirlitsmenn um allt land, enda rekur stofnunin umfangsmikil mælikerfi.

Starfsmenn í Reykjavík eru nú um 118, sex á Ísafirði og sjö á Keflavíkurflugvelli. Þá eru ótaldir 127 veðurathugunarmenn, snjóathugunarmenn, eftirlitsmenn vatnshæðarmæla og jarðvárefthlitskerfa o.fl. Í ársbyrjun 2011 var fjöldi starfsmanna 258.

2.1 Stjórnskipulag Veðurstofu Íslands

Mynd 1 sýnir stjórnskipulag Veðurstofunnar. Forstjóri er æðsti stjórnandi stofnunarinnar og hefur framkvæmdaráð sér til ráðgjafar. Í framkvæmdaráði sitja tíu stjórnendur, forstjóri, framkvæmdastjórar sviða, fléttustjórar, mannauðsstjóri og gæðastjóri. Núverandi forstjóri er doktor Árni Snorrason.



Mynd 1. Skipulag Veðurstofu Íslands.

Athugana- og tæknisvið sér um rekstur allra athugana- og eftirlitskerfa með veðri, vatni og jörð og er sá rekstur allur samningsbundinn við önnur svið Veðurstofunnar eða aðra sem kalla eftir slíkri þjónustu, t.d. orkufyrirtæki, sveitarfélög og Vegagerðina. Allur þessi

rekstur verði undir vottaðri gæðastjórnun. Framkvæmdastjóri sviðsins er Óðinn Þórarinsson.

Úrvinnslu- og rannsóknasvið vinnur að almennum rannsóknum á veðri, vatni og jörð, rannsóknum á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á náttúru og samfélag, rannsóknum á náttúruvá og er þar höfuðáhersla á ofanflóð samkvæmt samningi við Ofanflóðasjóð, en einnig á jarðvá og vatnavá. Sviðið vinnur að umhverfisrannsóknum og þar eru rannsóknir vegna upptöku vatnatilskipunar og flóðatilskipunar ofarlega á baugi. Sviðið skilgreinir einnig hvaða mælingar það telur þörf á að gera til þess að það geti sinnt hlutverki sínu og gerir samninga um framkvæmd þeirra við Athugnana- og tæknisvið. Framkvæmdastjóri sviðsins er doktor Jórunn Harðardóttir.

Eftirlits- og spásvið er ábyrgt fyrir sólarhringsvöktun á náttúrvá tengdri veðri, vatni og jörð. Einnig annast sviðið alla veðurþjónustu, þ.m.t. flugveðurþjónustu. Sviðið skilgreinir, í samvinnu við náttúruvárstjóra, þær mælingar sem þörf er talin á til þess að það geti sinnt hlutverki sínu og gerir samninga um framkvæmd þeirra við Athugana- og tæknisvið. Framkvæmdastjóri sviðsins er Theodór Freyr Hervarsson.

Fjármála- og rekstrarsvið er ábyrgt fyrir fjár- og rekstrarmálum Veðurstofunnar, en er einnig ábyrgt fyrir upplýsingatækniþjónustu stofnunarinnar á grundvelli þjónustusamninga sem taka annars vegar til sértækra þjónustu vegna verkefna og hins vegar til almennrar þjónustu við starfsmenn. Sviðið rekur verkefnastofu sem er framkvæmdastjórum og verkefnisstjórum innan handar um faglega verkefnastjórnun stærri og smærri verkefna og verkefnaflokka. Framkvæmdastjóri sviðsins er Hafdís Karlsdóttir.

Skrifstofa forstjóra hefur innan sinna vébanda mannauðsstjóra, Borgar Ævar Axelsson og gæðastjóra, Barða Þorkelsson. Þeir bera ábyrgð á stefnumótun og framkvæmd verkefna hvor á sínu starfssviði. Jafnframt starfa fléttustjórar náttúrvár, rannsókna og þróunar á skrifstofunni. Náttúruvárstjóri er doktor Sigrún Karlsdóttir, rannsóknastjóri doktor Kristín S. Vogfjörð, og þróunarstjóri doktor Halldór Pétursson. Hlutverk skrifstofunnar er að marka stefnu fyrir þá málaflokka sem hún ber ábyrgð á, en jafnframt ber hún ábyrgð á því að opinber verkefni stofnunarinnar séu unnin í samræmi við árangursstjórnarsamning milli hennar og umhverfisráðuneytisins. Einnig heldur skrifstofan m.a. utan um samninga við Alþjóðaflugmálastofnunina og annast samskipti Veðurstofunnar við aðrar stofnanir, innanlands og utan.

2.2 Lagaleg umgjörð

Starfsemi Veðurstofunnar er bundin af lögum og reglugerðum, þ.e. lögum nr. 70/2008 um Veðurstofu Íslands, lögum um veðurþjónustu nr. 142/2004, lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997, reglugerð um sama efni nr. 637/1997 og reglugerð um hættumat vegna snjóflóða á skíðasvæðum nr. 636/2009. Auk þess gilda um ríkisrekstur sérstök lög um fjárreiður, réttindi, skyldur og kjarasamninga ríkisstarfsmanna sem og upplýsingalög, stjórnsýslulög og samkeppnislög. Ennfremur er stofnunin bundin af fjölda alþjóðlegra samninga, samstarfssamningum og skuldbindingum ýmiss konar, auk margvíslegra annarra ytri og innri krafna.

2.3 Mikilvægi og sérstaða

Starfsemi Veðurstofu Íslands hefur víðtæk áhrif á hagi og ákvarðanir landsmanna alla daga ársins, s.s. áhugamál, daglegt líf, öryggi og velferð. Ákvarðanir sem eru allt frá því hvort fara eigi í útilegu á Þingvöll eða hvort viðra muni til golfiðkunar um komandi helgi, til viðfangsefna sem varðað geta líf og limi þjóðfélagsþegnanna, s.s. hvort rýma þurfi

einstök hús eða svæði vegna ofanflóðahættu, jarðskjálfta, vatnsflóða eða eldgosa. Starfsemi hennar hefur einnig hagrænt gildi því mæli- og viðvörðunarkerfi hennar, eftirlit og spár leggja mjög af mörkum til þeirra ákvarðana sem taka þarf til verndar verðmætum landsmanna þegar kemur að náttúruvá, s.s. skip við bryggju, lausir munir festir niður, búfenaður í tryggu skjóli eða nýting auðlinda þjóðarinnar til lands og sjávar. Starfsemi Veðurstofunnar leikur þannig lykilhlutverk í daglegu lífi og starfi landsmanna, enda er mikilvægi hennar þegar kemur að velferð og öryggi þeirra óumdeilanlegt.

Í könnun sem gerð var árið 2010 á vegum Capacent Gallup á afstöðu landsmanna til íslenskra stofnana sögðust 82,9% aðspurðra vera jákvæðir gagnvart Veðurstofunni. Einungis 1,3% sögðust neikvæðir gagnvart stofnuninni. Veðurstofan er efst á lista sambærilegra stofnana í þessari könnun með 4,2 stig af 5 mögulegum. Þessi niðurstaða er ákaflega uppörvandi fyrir starfsmenn Veðurstofunnar, hvatning til góðra verka og áminning um mikilvægi þeirrar starfsemi sem fram fer innan veggja hennar.

Þetta mikilvægi sýndi sig ekki síst árið 2010 þegar eldgosið í Eyjafjallajökli hafði áhrif víða um heim með þeim hætti að öskuský stöðvaði flugumferð víða í Evrópu og raskaði henni enn víðar. Starf Veðurstofunnar þegar kemur að náttúruvá varðar þannig ekki einungis Ísland og nánasta umhverfi þess heldur heimsbyggðina alla. Það er þó sérþekking Veðurstofu Íslands á íslenskum aðstæðum sem veitir henni hvað mesta sérstöðu. Á Veðurstofunni er unnið öflugt rannsókn- og þróunarstarf til að stuðla að öryggi íslensks samfélags, t.d. í útibúinu á Ísafirði, þar sem sérfræðingar stofnunarinnar stunda tilraunir og rannsóknir við raunverulegar og oft erfiðar aðstæður, auka þekkingu innan stofnunarinnar og þróa aðferðir til að spá fyrir um snjóflóðahættu. Einnig er unnið að almennum auðlindarannsóknum, t.d. á vatnsauðlindinni og þá bæði hvað varðar nýtingu hennar til neyslu og orkuframleiðslu.

Veðurstofa Íslands var stofnuð í ársbyrjun 1920, sama dag og Hæstiréttur og er því ein af eldri stofnunum íslensks samfélags. Veðurstofan býr annars vegar yfir gögnum og þekkingu sem eru mun eldri en stofnunin sjálf, en elstu gögn sem leynast í skjalasafni hennar eru frá árinu 1845. Þessi gögn eru mikilvæg við rannsóknir og ómetanlegar heimildir þegar kemur að samanburðarrannsóknum, en tíðum er flett upp í gömlum veðurbókum í samanburðarskyni. Hins vegar er Veðurstofan hátæknistofnun á heimsmælikvarða sem býr yfir nýjustu og bestu tækni og þekkingu sem fáanleg er. Veðurstofan sameinar þannig gamla og nýja tíma og er framsækin hvað varðar tækni og nýjungar, en nýtir jafnframt gamlar heimildir til að gefa spám sínum og rannsóknum á sviði íslensks náttúrufars aukið vægi og dýpt.

Á fyrstu árum Veðurstofunnar voru veðurskeyti hengd upp í gluggum símstöðva almenningsi til upplýsingar, en eitt af meginhlutverkum hennar er að miðla upplýsingum til almennings. Tæknin hefur breytt þessum starfsvenjum og nú er vefur Veðurstofunnar, www.vedur.is, mikilvægasti og vinsælasti upplýsingamiðill landsmanna þegar kemur að veðri og náttúrufari, en meira en 60% þjóðarinnar nefnir hann sem fyrsta val þegar hún aflar sér upplýsinga frá stofnuninni. Hefur engin opinber stofnun íslensk, náð viðlíka árangri í miðlun upplýsinga á vefnum. Vefur Veðurstofunnar var valinn besti vefur í almannaþjónustu árið 2007 og er um þessar mundir í áttunda sæti yfir vinsælustu vefi landsins sem mældir eru.

3 Framtíðarsýn Veðurstofu Íslands

3.1 Tilgangur

Tilgangur Veðurstofu Íslands er að vinna að bættu öryggi almennings og eigna, samfélagslegri hagkvæmni, sjálfbærri nýtingu náttúrunnar og almennri þekkingaröflun á starfssviði hennar.

Öryggi almennings og eigna

Stuðlað er að öryggi almennings og eigna með rauntímavöktun og spám um hegðan náttúrunnar í þeim tilgangi að vara við náttúruvá og lágmarka þannig slys og tjón af völdum hennar.

Samfélagsleg hagkvæmni

Þekking á náttúrunni og líklegri þróun hennar er forsenda þess að staðið sé að áætlunum, skipulagi, framkvæmdum og fyrirbyggjandi aðgerðum gegn náttúruvá með öruggum og hagkvæmum hætti.

Sjálfbær nýting náttúrunnar

Langtíma gagnasöfnun og rannsóknir á þeim þáttum náttúrunnar sem stofnunin vaktar og líklegri þróun þeirra leggja grundvöll að skynsamlegri og sjálfbærri nýtingu auðlinda og aðgerðum til eftirfylgni umhverfisstefnu stjórnvalda á hverjum tíma.

Almenn þekkingaröflun

Með hagnýtum rannsóknum á fagsviðum stofnunarinnar er stefnt að því að auka almenna þekkingu og skilning á eðli ýmissa umhverfisþátta og langtímaþróun þeirra. Þessi þekkingaröflun er einnig forsenda aukinnar hæfni stofnunarinnar til vöktunar, rannsókna og ráðgjafar á verkefnasviði sínu.

3.2 Hlutverk

Hlutverk Veðurstofu Íslands er vöktun lofts, láðs og lagar með öflun, gæðaeftirliti, varðveislu og greiningu upplýsinga ásamt rannsóknum byggðum á þeim. Einnig miðlun upplýsinga og þjónusta við notendur.

Öflun upplýsinga

Veðurstofan stundar kerfisbundnar athuganir og mælingar á fagsviðum sínum í því skyni að vakta breytingar á þeim og afla upplýsinga um náttúrufar á landinu öllu. Auk mælinga frá eigin landsnetum mælikerfa nýtir stofnunin gögn frá innlendum og erlendum samstarfsaðilum við starfsemi sína.

Gæðaeftirlit og varðveisla upplýsinga

Veðurstofan stundar öflugt gæðaeftirlit með gagnaöflun og skráningu til að tryggja öryggi og áreiðanleika gagna á öllum stigum notkunar og varðveislu. Hún ber ábyrgð á vörslu gagna til frambúðar þannig að þau nýtist jafnt við rauntímavinnslu upplýsinga og til langtímarannsókna. Stofnunin varðveitir bæði frumgögn og unnin gögn í öruggum gagna-geymslum og sér til þess að þau séu aðgengileg almenningi og samstarfsaðilum, innlendum sem erlendum. Hún ber ábyrgð á varðveislu gagna um náttúrufar.

Greining upplýsinga og rannsóknir

Veðurstofan greinir og túlkar niðurstöður mælinga, afleiddra stærða og annarra gagna sem hún aflar á fagsviðum sínum. Hún vinnur upplýsingar um náttúrfar, gefur út spár og viðvaranir og fleira til að draga úr hættu á manntjóni og öðrum skaða. Stofnunin stundar einnig úrvinnslu á gögnum og ráðgjöf vegna skipulags, mannvirkjahönnunar og áhættumats og tekur þátt í gerð viðbragðsáætlana vegna ýmiss konar náttúruvár.

Á Veðurstofunni eru stundaðar rannsóknir sem miða að því að auka færni hennar til að sinna hlutverki sínu og þróa áfram þekkingu og aðferðir á þeim sviðum sem undir stofnunina heyra. Hún er þátttakandi í innlendu og alþjóðlegu samstarfi sem stuðlar að framþróun og öflun og miðlun þekkingar á verksviði stofnunarinnar. Jafnframt eru upplýsingar og þekking nýtt til að þróa þjónustu sem skapar verðmæti fyrir viðskiptavinum.

Miðlun upplýsinga og þjónusta við notendur

Veðurstofan miðlar upplýsingum til almennings og veitir margs konar þjónustu á fagsviðum sínum, auk þess að veita almennar upplýsingar um viðfangsefni stofnunarinnar.

Veðurstofan veitir þjónustu, upplýsingar og almenna ráðgjöf til stjórnvalda og er í beinu samstarfi við yfirvöld almannavarna varðandi ýmiss konar upplýsingar um náttúruvá, hættuástand og áhættumat. Hún sinnir mælingum og rannsóknum fyrir stofnanir og fyrirtæki samkvæmt verksamningum. Stofnunin annast samskipti við ýmsar innlendar og alþjóðlegar stofnanir og eru dagleg gagnaskipti stór þáttur þess samstarfs.

3.3 Viðfangsefni

Viðfangsefni Veðurstofu Íslands eru eðlisþættir jarðar, þ.e. loft, vatn, snjór og jöklar, jörð og haf. Unnið er að fjölbreyttum verkefnum sem tengjast meðal annars veðri, hafís, mengun, ofanflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni, hniki á yfirborði jarðar, vatnafari, jökla-búskap, hlaupum og flóðum.

Loft

Veðurstofan annast rauntímavöktun á veðri með rekstri veðurathugunarkerfa, veðurlíkana og öflun fjarkönnunargagna (háloftamælinga, ratsjár- og gervihnattagagna). Hún gefur út veðurlýsingar, veðurspár og viðvaranir um ýmsa þætti veðurs, bæði á landi og sjó. Þá veitir stofnunin veðurþjónustu við flug innan íslenska flugstjórnarsvæðisins. Veðurstofan stundar rannsóknir á veðri, veðurspám og veðurfari landsins bæði til að bæta veðurþjónustuna, en einnig vegna langtímabreytinga á loftslagi. Loks fylgist hún með ósoni í lofthjúpi, geislunarbúskap jarðarinnar og mengun í lofti og úrkomu.

Vatn, snjór og jöklar

Veðurstofan safnar grundvallarupplýsingum og þekkingu um vatnafar landsins með rekstri vatnamælingakerfis og langtímarannsóknum. Hún stundar rannsóknir á vatnsauðlindinni í föstu og fljótandi formi, eðli hennar og skilyrðum til sjálfbærrar nýtingar. Veðurstofan sendir út viðvaranir vegna hættu á hlaupum og vatnsflóðum og gefur einnig út viðvaranir og metur ísingu á landi. Stofnunin annast verkefni á sviði ofanflóðavarna og vaktar staðbundna hættu á ofanflóðum í þéttbýli, ásamt því að senda út almennar viðvaranir vegna snjóflóða.

Jörð

Veðurstofan annast rauntímavöktun á jarðskjálftum, eldgosum, kvikuhreyfingum og jökulhlaupum á Íslandi með rekstri landsnets jarðskjálfta- og GPS-mæla. Hún sendir út

viðvaranir um þessa þætti. Hún safnar upplýsingum um jarðskjálfta, jarðsuð, ísskjálfta og hægar jarðskorpuhreyfingar, sem verða m.a. vegna landreks og farbreyinga jökla. Veðurstofan stundar jafnframt rannsóknir á öllum þessum þáttum til að efla vöktunargetu sína og hæfni til að gefa út viðvaranir. Ennfremur safnar stofnunin upplýsingum um öskufall frá yfirstandandi eldgosum þegar ástæða þykir til.

Haf

Veðurstofan vaktar og varðveitir upplýsingar um ýmsa eðlisþætti hafsins eins og hita, hafís, ísingu á sjó og breytingar á sjárvarstöðu, s.s. vegna loftlagsbreytinga og sjólags. Hún sendir út viðvaranir vegna hættu á sjávarflóðum, hafíss á siglingaleiðum og ísingar á skipum. Þá stundar stofnunin athuganir og rannsóknir á áhrifum vatnsfalla og aurburðar á strandsjó og sjávarlón.

3.4 Gildi

Gildi Veðurstofunnar eru þekking, áreiðanleiki, samvinna og framsækni. Við höfum þau að leiðarljósi í vinnu okkar og samskiptum.

- **Þekking**
Þekking á náttúruferjum er forsenda fyrir farsælli sambúð lands og þjóðar. Við byggjum starf okkar á rannsóknum á náttúru landsins og þekkingu á fagsviðum Veðurstofunnar.
- **Áreiðanleiki**
Til þess að miðla upplýsingum um náttúruvá á hættustund þarf áreiðanleg mæli- og viðvörðunarkerfi. Við ávinnum okkur traust með fagmennsku og áreiðanleika.
- **Samvinna**
Samvinna er forsenda skilvirkni. Við komumst að sameiginlegri niðurstöðu. Við erum samheldin og komum fram við aðra af heilindum.
- **Framsækni**
Hagnýting nýrrar þekkingar og tækni kallar á framsækni og forystu. Við sköpum okkur framtíð með framsækni og forystu.

Mikilvægt er fyrir Veðurstofuna að draga fram þau megingildi sem í heiðri eru höfð í öllu starfi stofnunarinnar.

3.5 Framtíðarsýn

Veðurstofa Íslands verði í fararbroddi:

- Á fagsviðum sínum og viðhaldi trausti samfélagsins til stofnunarinnar.
- Í víðtækri vöktun á náttúruvá, gerð hættumats og viðbragðsáætlana, í góðu samstarfi við aðra viðbragðsaðila.
- Í rannsóknum á náttúru landsins, í samvinnu við innlenda og erlenda aðila.
- Í spám sem byggðar séu á bestu fáanlegu upplýsingum, þekkingu og rannsóknum.

Veðurstofan verði eftirsóttur vinnustaður með því að:

- Framfylgja framsækinni mannauðsstefnu sem tryggir samkeppnishæfni stofnunarinnar.
- Framfylgja markvissri jafnréttisáætlun.
- Skapa skilyrði fyrir metnaðarfulla starfsmenn.

Veðurstofan verði framúrskarandi samstarfsaðili með því að:

- Vinna náíð og af trúnaði með háskólum og rannsóknastofnunum.
- Vinna af fagmennsku með hagsmunaaðilum.
- Vera virk á alþjóðavettvangi.
- Miðla gögnum sínum og þekkingu til samfélagsins.

3.6 Stefnur

Veðurstofa Íslands hefur mótað sér stefnu í 11 málaflokkum. Stefnurnar eru:

- Gagnastefna.
- Gæðastefna.
- Innkaupastefna.
- Mannauðsstefna.
- Náttúruvárstefna.
- Rannsóknarstefna.
- Skjalastefna.
- Stefna um erlend samskipti.
- Upplýsinga- og kynningastefna.
- Viðskipta- og þjónustustefna.
- Þróunarstefna.

Stefnur Veðurstofunnar ná til allra starfsmanna stofnunarinnar. Þær skal endurskoða reglulega. Jafnframt skal jafnréttisáætlun stofnunarinnar, sem birt var í ársbyrjun 2011, endurskoðuð reglubundið. Allir starfsmenn Veðurstofunnar eru ábyrgir fyrir árangri stofnunarinnar.

3.6.1 Gagnastefna

Veðurstofa Íslands ætlar að verða gagnamiðstöð fyrir náttúruvafarsupplýsingar á fagsviðum sínum. Stofnunin safnar, skráir, varðveitir og miðlar gögnum á starfssviði sínu, jafnt sínum eigin gögnum sem annarra, í samræmi við lög og samninga. Veðurstofan gætir hagsmuna viðskiptavina og rannsókna við miðlun gagna.

Veðurstofa Íslands vill hafa að leiðarljósi:

- Að vera áreiðanlegur samstarfsaðili við söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun gagna og vinna eftir birtum og viðurkenndum stöðlum.
- Að reka framúrskarandi vefi til miðlunar rauntímagagna og sögulegra gagna og upplýsinga.
- Að reka gagnagátt náttúruvafarsgagna í samræmi við INSPIRE-tilskipun Evrópu-sambandsins.
- Að tryggja sjálfsafgreiðslu gagna frá Veðurstofunni um vefinn á notendavænan hátt.
- Að yfirfarin gögn verði aðgengileg innan eðlilegra tímamarka.
- Að fara með gögn úr rannsóknaverkefnum í samræmi við viðkomandi reglur.
- Að flokka gögn í fimm flokka: Opinber gögn, vinnugögn, gögn úr rannsóknaverkefnum, viðskiptagögn og gögn þriðja aðila.

3.6.2 Gæðastefna

Veðurstofa Íslands hefur að leiðarljósi að uppfylla kröfur, óskir og væntingar allra viðskiptavina sinna í samræmi við tilgang stofnunarinnar.

Gæðastefna Veðurstofunnar nær til allra þátta í starfsemi hennar. Hún miðar annars vegar að því að uppfylla samning við umhverfissráðuneytið um árangur stofnunarinnar og hins vegar að unnið sé í samræmi við alþjóðlega staðla og reglur, þ.m.t. gæðastjórnunarkerfi eins og ISO 9001.

Stofnunin leggur áherslu á eftirtalin gæðaviðmið:

- Að fylgjast með og mæla reglulega ánægju viðskiptavina með þjónustu stofnunarinnar.
- Að standa við skuldbindingar varðandi gæði þjónustu, áreiðanleika og veitingu hennar á tilsettum tíma.
- Að tryggja hæfni, getu og þekkingu starfsmanna til að sinna verkefnum sínum á fullnægjandi hátt.
- Að allur nauðsynlegur búnaður, sem þarf til að reka stofnunina, s.s. mælitæki, tölvubúnaður, upplýsingakerfi, aðbúnaður starfsmanna o.fl., uppfylli skilgreindar þarfir, gæðakröfur og gæðastaðla.
- Að rekstur stofnunarinnar sé eins hagkvæmur og unnt er og í samræmi við fjárheimildir og aðrar tekjur á hverjum tíma.
- Að vinna stöðugt að framförum, nýjungum og hagkvæmni í rekstri.
- Að tryggja góðan árangur með beitingu faglegrar verkefnastjórnunar.
- Að reka virkt gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001 og vinna að stöðugum umbótum á því.

3.6.3 Innkaupastefna

Innkaupastefna Veðurstofu Íslands byggir á lögum og reglugerðum um opinber innkaup og innkaupastefnu ríkisins sem samþykkt var af fjármálaráðherra þann 15. nóvember 2002.

Innkaupastefnan miðar að því að framkvæmd innkaupa sé samræmd og að tryggt sé að öll innkaup séu opin, ábyrg og hagkvæm. Innkaupastefnan tekur til allra innkaupa á vegum stofnunarinnar.

Innkaupastefnan tekur tillit til umhverfissjónarmiða. Hafa ber í huga að umhverfisvæn vara sem er dýrari í innkaupum, kann að leiða til beins sparnaðar þegar til lengri tíma er litið. Ef vörur eru sambærilegar að öðru leyti ber að velja þá tegund sem telst síður skaðleg umhverfinu. Innkaupastefnan tekur tillit til líftímakostnaðar og umhverfislegra áhrifa vegna notkunar og förgunar þeirrar vöru eða þjónustu sem keypt er.

Eftirfarandi ber að hafa sérstaklega að leiðarljósi:

- Ætíð skal miða innkaup við þörfina á hverjum tíma.
- Innkaup Veðurstofunnar miðast ætíð við bestu kaup.
- Bestu kaup skulu metin með tilliti til líftímakostnaðar vöru, verka eða þjónustu þar sem helstu áhrifaþættir geta verið:
 - Fjárhagslegir skilmálar, m.a. verð og greiðsluskilmálar.
 - Skilgreining á þörfum kaupanda og val á innkaupaaðferð.
 - Áreiðanleiki, þekking, reynsla og hæfni birgis.
 - Virkni markaðar.
 - Hrakvirði.
 - Förgun.

- Veðurstofan mun ávallt leitast við að nýta sér rammasamninga Ríkiskaupa, þar sem því verður við komið.
- Veðurstofan mun leita eftir samvinnu við stofnanir umhverfisráðuneytisins og aðrar opinberar stofnanir við kaup á vöru og þjónustu þar sem unnt er að ná fram hagræðingu.
- Veðurstofan stefnir að aukningu rafrænna viðskipta og innkaupa með notkun innkaupakorts ríkisins.
- Ef um mjög sérhæfð innkaup er að ræða, mun stofnunin leita sérfræðiaðstoðar hjá Ríkiskaupum eða hæfum ráðgjöfum.
- Innkaupastefnunni verður fylgt eftir með virku innra eftirliti.

3.6.4 Mannauðsstefna

Mannauðsstefna Veðurstofu Íslands miðar að því að stofnunin sé og muni verða í fararbroddi á sínum fagsviðum. Stefnan tekur m.a. mið af hlutverki, framtíðarsýn, gildum og jafnréttisáætlun stofnunarinnar.

Eftirfarandi skal haft að leiðarljósi:

- Mikilvægt er að starfsmenn þekki hlutverk, framtíðarsýn og gildi stofnunarinnar og geri sér grein fyrir því að öll störf eru mikilvæg til að ná fram markmiðum hennar.
- Veðurstofan auglýsir störf í samræmi við lög, innanlands sem utan eftir því sem við á og kappkostar að ráða hæfa starfsmenn. Gæta skal þess að nýir starfsmenn fái fræðslu um starfsemi stofnunarinnar og aðbúnað sinn. Einnig fái þeir upplýsingar um þær verklagsreglur og þá vinnuferla sem þeim er ætlað að fara eftir og finna má í rekstrarhandbók. Stofnunin hvetur starfsmenn til að taka virkan þátt í mótun vinnuumhverfis og ákvarðanaferlis sem snertir starfið og starfsemi stofnunarinnar. Jafnræði skal virða og vinna samkvæmt samþykktri jafnréttisáætlun. Við starfslok er lögð áhersla á gagnkvæma upplýsingagjöf. Leitast skal við að hafa aldurstengd starfslok starfsmanna sem þægilegust og í góðu samráði við starfsmenn. Starfsmenn skulu kvaddir svo sómi sé að. Leitast skal við, með beinum hætti eða með atbeina starfsmannafélags, að halda tengslum við starfsmenn sem hafa hætt vegna aldurs. Stofnunin fer eftir þeim launakjörum sem kveðið er á um í gildandi kjara- og stofnanasamningum eins og þeir eru á hverjum tíma.
- Veðurstofa Íslands beitir faglegru og markvissri þekkingarstjórnun til að afla, viðhalda og varðveita þekkingu sem nauðsynleg er til að stofnunin starfi og þróist í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til hennar hverju sinni. Þannig verður leitað eftir samstarfi við innlenda og erlenda háskóla um kennslu, verkefni og styrki sem miða að því að fá fólk til að stunda nám á þeim fagsviðum sem eru mikilvæg stofnuninni. Stofnunin leggur áherslu á að virkja hæfileika og frumkvæði starfsmanna þannig að þeir fái að vaxa og dafna í starfi sínu og geti eftir atvikum tekið að sér önnur störf innan stofnunarinnar. Er það gert með því að leggja áherslu á markvissa sí- og endurmenntun, innan sem utan stofnunar, þannig að ytri og innri kröfum sé mætt.
- Faglegum stjórnunarháttum er beitt á Veðurstofu Íslands þar sem gildi hennar eru höfð að leiðarljósi. Mikilvægt er að sýna starfsmönnum virðingu í verki og að jafnræði sé virt. Veðurstofa Íslands virðir í hvívetna lagalegar og samningsbundnar skyldur sínar á sviði starfsmannamála og fer eftir þeim lögum, reglum og kjarasamningum sem gilda hverju sinni.
- Veðurstofan gerir sér grein fyrir mikilvægi góðs starfsanda og samstarfs innan sem utan stofnunar. Góður starfsandi stuðlar að vellíðan starfsmanna og bætir árangur þeirra, sem og stofnunarinnar. Mikilvægt er að gagnkvæm virðing ríki milli allra

og jafnréttis sé gætt. Veðurstofan vill skapa hvetjandi starfsumhverfi þar sem virk endurgjöf er í hávegum höfð. Mikilvægt er að starfsmenn fylgi réttum boðleiðum í samskiptum, persónulegum sem faglegum. Áriðandi er að samvinna starfsmanna, vinnuhópa og sviða gangi snurðulaust fyrir sig og skili þar með sem bestum árangri.

- Leita ber allra leiða til að upplýsingaflæði sé sem best. Stuðla ber að skýrum boðleiðum og markvissu flæði upplýsinga milli stjórnenda, starfsmanna og vinnuhópa. Virða skal opin, hreinskilin og uppbyggileg samskipti.
- Stofnunin leitast við, í samræmi við framtíðarsýn sína, að sjá starfsmönnum fyrir vinnuaðstæðum og -umhverfi sem stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan þeirra á vinnustað. Lögð er áhersla á fjölskylduvænt starfsumhverfi þar sem tillit er tekið til fjölskylduaðstæðna hvers og eins. Öryggi starfsmanna sé tryggt bæði á vinnustað og í vinnuferðum. Tryggt sé að starfsmenn hafi aðgang að góðu mötuneyti þar sem því verður við komið. Veðurstofan stuðlar að því að starfsmenn stundi heilsurækt og félagslíf, bæði innan stofnunar og utan.

3.6.5 Náttúruvárstefna

Tryggja skal að Veðurstofa Íslands uppfylli lögbundið náttúruvárhlutverk sitt. Vöktun á náttúruvá skal vera til fyrirmyndar og viðbragðsáætlanir stofnunarinnar vandaðar. Stofnunin skal, í samráði við Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, fagstofnanir og sveitarfélög, vera í fararbroddi við gerð hættumats fyrir náttúruvá. Stofnunin skal ennfremur sjá til þess að spár um náttúruvá séu áreiðanlegar og samkvæmt bestu aðferðafræði hverju sinni.

Með markvissa náttúruvárstefnu að leiðarljósi ætla Veðurstofa Íslands:

- Að reka landskerfi til vöktunar á allri náttúruvá og leita allra leiða til að tryggja öruggar samskiptaleiðir.
- Að vera miðstöð samfélagsins við gerð hættumats vegna náttúruvár.
- Að fylgja aðferðum Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO) við gerð hættumats.
- Að tryggja viðskiptavinum og samstarfsaðilum bestu fáanlegu upplýsingar um náttúruvá og hættumat.

3.6.6 Rannsóknastefna

Tryggja skal að Veðurstofa Íslands uppfylli það rannsóknahlutverk sem stofnuninni er falið samkvæmt lögum. Starfsemi stofnunarinnar skal byggja á þróttmiklu og framsæknu rannsóknastarfi á eðlisþáttum jarðar í virku samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila. Stefnt skal að því að skapa umhverfi sem leiði til gagnrýnnar hugsunar og ýti undir þróun þekkingar og úrvinnsluaðferða. Þá skal stefnt að því að Veðurstofan öðlist sess sem fremsta íslenska rannsóknastofnunin á sviði náttúruvár. Stofnunin skal vera í fararbroddi í þekkingaröflun á fagsviðum sínum og tryggja að gagnasöfnun sé í fremstu röð á heimsvísu. Leggja skal áherslu á styrkleika í rannsóknum á fagsviðum þar sem Ísland hefur sérstöðu. Stofnunin skapi sér góðan orðstír með markvissri birtingu rannsókna í ritrýndum tímaritum. Stofnunin framfylgi viðurkenndu rannsóknasiðferði í verkum sínum til að leggja grunn að trausti í samstarfi.

Með framsækna rannsóknastefnu að leiðarljósi leggur Veðurstofan áherslu á:

- Rannsóknir í veðurfræði og haffræði til að bæta spár og viðvaranir.
- Rannsóknir á veðurfari og loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á umhverfi og samfélag.
- Rannsóknir á sviði grunnvatnsfræði og jöklavatnafræði.

- Rannsóknir á sviði eldfjallafræði og samspili eldfjalla, jökla og veðurs.
- Rannsóknir í jarðskjálftafræði í þágu náttúruvár og auðlindanýtingar.
- Rannsóknir á endurnýjanlegum orkugjöfum, s.s. vatnsorku, jarðhita, sjávarorku og vindorku.
- Þekkingu á sviði vatnafræði til að auka getu sína við innleiðingu og framkvæmd á vatnatilskipun og flóðatilskipun Evrópusambandsins.

3.6.7 Skjalastefna

Skjalastefna Veðurstofu Íslands miðar að varðveislu þeirra skjala og upplýsinga sem stofnunin býr yfir í miðlægu skjala- og upplýsingastjórnunarkerfi. Tryggt skal að öll meðferð skjala sé áreiðanleg, til fyrirmyndar og í samræmi við lög. Einnig skal tryggja að allir starfsmenn vinni á samræmdan hátt með skjöl og að þau séu vistuð með tilvísun í mál.

Með markvissri skjalastefnu hefur Veðurstofan að leiðarljósi:

- Að samræma vinnubrögð til að tryggja varðveislu og endurheimt skjala.
- Að auka yfirsýn, rekjanleika og áreiðanleika mála.
- Að vinna að samhæfðu skipulagi á öllum skjölum Veðurstofunnar í hvaða formi sem þau eru.
- Að uppfylla ytri og innri kröfur.
- Að tryggja öryggi og heilleika skjala.
- Að auðvelda starfsmönnum vinnu og spara tíma við leit að skjölum.

3.6.8 Stefna um erlend samskipti

Veðurstofa Íslands ber, fyrir Íslands hönd, ábyrgð á framkvæmd alþjóðasamninga er varða starfsemi hennar. Einnig ber stofnunin ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd samþykpta, reglna og staðla sem alþjóðasamfélagið setur á fagsviðum hennar. Veðurstofan tekur virkan þátt í samstarfi sem beinist að samræmdu eftirlitskerfi um náttúruvá. Til að auka færni sína tekur Veðurstofan virkan þátt í samstarfi við systurstofnanir sínar til að bæta rannsóknir, þróun og þekkingarflæði. Stofnunin forgangsraðar þessum samskiptum og einbeitir sér að því sem skilar mestum ávinningi.

Stefnan byggir á eftirfarandi:

- Formlegri stöðu Veðurstofunnar í erlendum stofnunum, s.s. EUMETNET (Network of European Meteorological Services), ECMWF (European Centre for Medium-Range Weather Forecasts) og EUMETSAT (European Organisation for the Exploitation of Meteorological Satellites).
- Skyldum sem Veðurstofan ber sem fulltrúi Íslands innan alþjóðlegra samninga, s.s. ICAO (International Civil Aviation Organization) og WMO (World Meteorological Organization).
- Skyldum sem Veðurstofan ber sem fulltrúi Íslands í alþjóðlegri samvinnu, s.s. EPOS (European Plate Observing System).
- Skyldum sem stofnunin tekur við í gegnum samninga annarra stofnana eða ráðuneyta, s.s. vatnatilskipun Evrópusambandsins.
- Ávinningi af erlendu samstarfi:
 - Þátttöku í samstarfi við systurstofnanir sínar erlendis, s.s. innan CHIN (Chiefs of the Hydrological Institutes in the Nordic Countries) og NORMMET (Nordic Co-operation in Meteorology).

- Þátttöku í öflugum rannsóknahópum til að styrkja umsóknir stofnunarinnar.
- Rýni rannsóknatillagna til að skapa velvild og draga af þeim lærdóm, s.s. innan Evrópusamstarfs.
- Faglegu alþjóðlegu samstarfi til að efla færni, s.s. IUGG (International Union of Geodesy and Geophysics).

Formlegt erlent samstarf er á ábyrgð Skrifstofu forstjóra sem stýrir hvernig þeirri þátttöku er háttað, kortleggur samstarfið og tryggir fjármagn til þess. Fagsviðin taka sjálf ákvarðanir um hvaða öðru samstarfi þau vilja taka þátt í og greiða kostnað af því. Rökstuðningur fyrir slíku samstarfi skal byggður á ofangreindri flokkun.

Í erlendum samskiptum ber að hafa að leiðarljósi:

- Starfsmenn Veðurstofunnar koma fram af fagmennsku, mæta vel undirbúnir á fundi og taka virkan þátt í umræðum og ákvörðunum.
- Ávinningur af erlendu samstarfi er sífellt endurmetinn og leitað bæði tækifæra og leiða til hagræðingar.

3.6.9 Upplýsinga- og kynningastefna

Veðurstofa Íslands gegnir mikilvægu öryggis- og þjónustuhlutverki og miðlar upplýsingum til samfélagsins þannig að þær nýtist við ákvarðanir þess. Stofnunin veitir áreiðanlegar upplýsingar með faglegum hætti og í samvinnu við hagsmunaaðila þegar það á við. Stofnunin ætlar á markvissan hátt að greina þarfir samfélagsins fyrir bætтар upplýsingar og upplýsingaflæði. Stofnunin ætlar með framsæknum hætti að kynna starfsemi sína og afurðir.

Veðurstofa Íslands hefur eftirfarandi að leiðarljósi:

- Að varðveita traust sitt og orðspor í samfélaginu.
- Að treysta enn betur ímynd sína í augum landsmanna og vera sýnileg alls staðar.
- Að leiða sjálf kynningar og umræður á fagsviðum sínum.
- Að hafa vandað kynningarefni á boðstólum til nota fyrir starfsmenn og samstarfsaðila.
- Að búa yfir öflugu fjölmiðlateymi sem getur svarað fyrir alla þætti starfseminnar, sérstaklega þegar váatburðir eiga sér stað.

3.6.10 Viðskipta- og þjónustustefna

Veðurstofa Íslands veitir íslensku og alþjóðlegu samfélagi þjónustu. Stofnunin hefur frumkvæði að því að heildræn athugana- og upplýsingakerfi er varða starfssvið hennar séu greind, hönnuð og rekin þannig að sem mestur samfélagslegur ávinningur náist. Almenn þjónusta við samfélagið er að jafnaði greidd með fjárveitingu ríkisins, önnur þjónusta er fyrst og fremst á fyrirtækja- og stofnanamarkaði.

Virðisauki Veðurstofunnar nær frá rekstri mælikerfa og athugana til úrvinnslu, greininga, líkangerðar, túlkana og spáa. Greina skal virðisaukjur fyrir alla þætti starfseminnar og draga fram hvar tækifæri eru til virðisaukandi þjónustu gagnvart viðskiptavinum. Stefnt er að hagræðingu með samþættingu og samrekstri athugana- og upplýsingakerfa. Leita skal leiða til að skapa sóknarfæri á grundvelli rannsóknaniðurstaðna.

Veðurstofan selur sína þjónustu með tvennum hætti. Annars vegar með samningum um innheimtu áfallins kostnaðar og hins vegar samningum með framlegð samkvæmt gjaldskrá. Við gerð verkefnaáætlana skal þess gætt að nota réttar kostnaðarforsendur til að

tryggja viðunandi framlegð. Stofnunin skal vinna verkefni sín með virku verkefnabókhaldi svo unnt sé að rekja kostnað og tryggja að hún fari að samkeppnislögum.

Svið Veðurstofunnar sjá hvert um sig um viðskiptavinina sína og samninga, tryggja að verkefni séu unnin af fagmennsku og að samningar séu uppfylltir með ásættanlegri framlegð. Í þeim tilvikum þar sem mörg verkefni eru í gangi og mörg svið koma að, skal gera samning með undirsamningum við viðskiptavininn um þjónustu. Framkvæmdastjórnar bera ábyrgð á gerð slíkra samninga.

Veðurstofan skal reglulega greina þarfir fyrir þjónustu, kortleggja eyður í framboði þjónustu gagnvart starfsgreinum samfélagsins og leita leiða til úrbóta. Auk þess skal stofnunin meta sérstöðu sína á markaði og efla hana.

Með framsækinni viðskipta- og þjónustustefnu vill Veðurstofan hafa að leiðarljósi:

- Ríkið er okkar stærsti viðskiptavinur, förum vel með opinbert fé.
- Hugsum vel um viðskiptavinina, þeir greiða okkur launin.
- Hugum að hagkvæmum lausnum og samstarfi sem leiða til samfélagslegs ávinnings.
- Verðum meðvituð um ávinning og kostnað í öllu starfi.
- Tökum strax á vandamálum sem kunna að koma upp í þjónustu við viðskiptavinina okkar og leitumst við að fara fram úr væntingum þeirra.
- Vinnum að forvörnum með tíðum þjónustukönnunum.

3.6.11 Þróunarstefna

Tryggja skal að Veðurstofa Íslands uppfylli þau hlutverk sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum á hagkvæman hátt með öflugu þróunarstarfi. Stofnunin skal greina þarfir samfélagsins og hins alþjóðlega umhverfis fyrir þjónustu á sviði stofnunarinnar og þróa starfsemi sína og afurðir í samræmi við þær þarfir.

Þróunarstefna Veðurstofunnar miðar að því að koma á öflugu samstarfi, þróa aðferðafræði og hugbúnað, þróa og hanna tæknilausnir, mælitækni og mælikerfi, þróa líkön og líkanaumhverfi og þjálfra mannauð í beitingu þeirra lausna sem þróaðar eru.

Með öflugt þróunarstarf að leiðarljósi leggur Veðurstofan áherslu á:

- Að vera í forystu á heimsvísu í samþættri eldfjallavöktun.
- Að vera meðal fremstu þjóða í samþætту jarðskjálftaefirliti.
- Að koma á framsækinni loftslagsþjónustu fyrir Ísland.
- Að veita enn betri veðurþjónustu með auknu eftirliti með gæðum veðurspáa.
- Að styrkja forystu sína í þjónustu við orkuiðnaðinn.
- Að styrkja enn frekar þjónustu við samgöngugeirann.

4 Hlutverk og framtíðarsýn sviða

4.1 Skrifstofa forstjóra

4.1.1 Hlutverk Skrifstofu forstjóra

Skrifstofa forstjóra fer með stjórnábylgjuhlutverk Veðurstofu Íslands og hefur umsjón með opinberum fjármunum. Undir þetta fellur ráðstöfun og eftirfylgni með fjárveitingum samkvæmt:

- Árangursstjórnunarsamningi við umhverfisstjórnuneytið.
- Samningi við Ofanflóðasjóð.
- Samningi við ICAO (International Civil Aviation Organization).
- Öðrum samningum þar sem Veðurstofan hefur formlegt hlutverk gagnvart stjórnvöldum, s.s. EPOS (European Plate Observing System).

Skrifstofan ber ábyrgð á að heildarstefna sé sett fyrir stofnunina og að henni sé framfylgt. Auk þess ber hún ábyrgð á eftirfarandi stefnum Veðurstofu Íslands:

- Gæðastefnu.
- Mannauðsstefnu.
- Náttúruvárstefnu.
- Rannsóknastefnu.
- Stefnu um erlend samskipti.
- Upplýsinga- og kynningastefnu.
- Viðskipta- og þjónustustefnu.
- Þróunarstefnu.

Skrifstofa forstjóra ber ábyrgð á formlegum innlendum og erlendum samskiptum Veðurstofu Íslands. Undir þetta fellur formlegt alþjóðlegt samstarf við t.d.:

- WMO (World Meteorological Organization).
- NORDMET (Nordic Co-operation in Meteorology).
- CHIN (Chiefs of the Hydrological Institutes in the Nordic Countries).

Skrifstofan fer einnig með hlut Veðurstofunnar í:

- EUMETNET (Network of European Meteorological Services).
- ECMWF (European Centre for Medium-Range Weather Forecasts).
- EUMETSAT (European Organisation for the Exploitation of Meteorological Satellites).

Loks hefur Skrifstofa forstjóra umsjón með formlegu samstarfi við innlendar og erlendar stofnanir, s.s.:

- Ráðuneyti.
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.
- Flugmálastjórn Íslands.
- Háskólastofnanir, innlendar og erlendar.
- Isavia.
- Landhelgisgæsluna.
- Landsvirkjun.
- Landsnet.
- Vegagerðina.

4.1.2 Framtíðarsýn Skrifstofu forstjóra

Skrifstofa forstjóra sér til þess að framtíðarsýn Veðurstofu Íslands verði náð. Einnig vill skrifstofan tryggja góða ímynd Veðurstofunnar í alþjóðlegu samstarfi sem og gagnvart viðskiptavinum, samstarfsaðilum og samfélaginu.

4.2 Athugana- og tæknisvið

4.2.1 Hlutverk Athugana- og tæknisviðs

Hlutverk Athugana- og tæknisviðs er rekstur mælikerfa á fagsviðum stofnunarinnar. Mælikerfin þjóna margþættu hlutverki fyrir langtíma náttúrufars- og auðlindarannsóknir og vöktun á náttúruvá.

Sviðið ber ábyrgð á frumskráningu allra mæligagna. Sviðið tryggir gagnastrauma til innri og ytri viðskiptavina með sjálfvirku gæðaeftirliti. Jafnframt er það á ábyrgð sviðsins að gögn séu yfirfarin samkvæmt samningum og viðeigandi gæðaviðmiðum áður en þau fara í gagnagrunna.

Sviðið gegnir hlutverki sínu með því að fylgjast með þróun í mælitækni, kerfisrekstri og fjarskiptum og leitar hagstæðustu leiða við rekstur kerfanna. Sviðið ber ábyrgð á innkaupum tækja og búnaðar sem þarf til að sinna gagnaöflun.

Sviðið gegnir hlutverki í viðbragðsáætlunum Veðurstofunnar vegna náttúruvár.

4.2.2 Framtíðarsýn Athugana- og tæknisviðs

Athugana- og tæknisvið leggi sitt af mörkum til að Veðurstofan verði í fararbroddi á starfssviðum sínum.

Sviðið verði í forystu í rekstri samþættra mælikerfa á landsvísu og öflun upplýsinga á starfssviðum stofnunarinnar.

Sviðið hafi yfir að ráða bestu fánlegu mælitækjum og fylgi tækniþróun og endurnýjun búnaðar eftir fremsta megni. Sviðið leiti ávallt leiða til að mæta kröfum viðskiptavina um gæði mælinga og hagræðingar við öflun þeirra.

Sviðið þróa aðferðafræði við framkvæmd mælinga og sýnatöku og leggi áherslu á gerð viðbragðsáætlana til að geta brugðist við aðsteðjandi vá og krefjandi verkefnum með stuttum fyrirvara.

Sviðið hafi yfir að ráða öflugu rekstrarkerfi fyrir mælistöðvar og mælitæki, stundi fyrirbyggjandi viðhald og gæðavottaðan rekstur mælikerfa og mælinga, þar sem mælikerfi og einstakir mælar verði flokkuð m.t.t. gæða gagna og þjónustustigs. Starfsemi sviðsins verði öll gæðavottuð fyrir árslok 2013.

4.3 Úrvinnslu- og rannsóknasvið

4.3.1 Hlutverk Úrvinnslu- og rannsóknasviðs

Hlutverk Úrvinnslu- og rannsóknasviðs eru rannsóknir og þekkingaröflun á eðlis- og efnáþáttum jarðar, lofthjúps, vatns og íss. Rannsóknir eru stundaðar á náttúruvá, loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á umhverfi og samfélag, á auðlindum og endurnýjanlegum orkugjöfum, auk þess sem sviðið sér um gerð hættumats. Í því skyni að annast þjónusturannsóknir samkvæmt samningum stuðlar Úrvinnslu- og rannsóknasvið að öflun, varðveislu og miðlun gagna um jarðfar, veðurfar, vatnafar, jöklafar, haffar, sem og um bakgrunnsgildi efnastyrks í lofti, legi og á láði. Sviðið ber ábyrgð á gagnastefnu stofnunarinnar. Úrvinnslu- og rannsóknarsvið sér um úrvinnslu, aðferðafræðilega þróun og líkangerð vegna allra gagna sem safnað er á sviðinu, m.a. til stuðnings við starfsemi á öðrum sviðum stofnunarinnar. Sviðið ber ábyrgð á eftirliti með gæðum gagna stofnunarinnar, viðheldur gæðavottuðum langtímagagnaröðum til rannsókna og ráðgjafar, sér til þess að þær séu stöðugt uppfærðar eftir bestu upplýsingum og veitir aðgengi að

gögnunum. Sviðið ber ábyrgð á reglulegri birtingu yfirlita um gögn með helstu tölfræðilegu upplýsingum og samanburði við aðrar tímaraðir. Sviðið ber ábyrgð á að koma öllum gögnum á stafrænt form og stuðlar þannig að því að gögn stofnunarinnar verði aðgengileg fyrir almenning og rannsóknasamfélagið.

4.3.2 Framtíðarsýn Úrvinnslu- og rannsóknasviðs

Úrvinnslu- og rannsóknasvið leggi sitt af mörkum til að Veðurstofan verði í fararbroddi á starfssviðum sínum.

Sviðið verði í forystu í rannsóknum á eðlis- og efnabáttum jarðar, lofthjúps, vatns og íss.

Sviðið setji á stofn alhliða þjónustu á sviði loftslagsmála (Climate Services).

Sviðið leiti stöðugt að bestu aðferðum við úrvinnslu gagna, líkangerð, þróun og rannsóknir og vinni að því að innleiða slíkar aðferðir innan verkefna sinna.

Sviðið sýni frumkvæði á starfssviðum sínum og verði í forystu í rannsóknum á alþjóðlegum jafnt sem innlendum vettvangi.

Sviðið verði í fararbroddi við ráðgjöf og þjónustu hvort sem leitað er eftir upplýsingum er varða náttúrufar eða nýtingu auðlinda.

4.4 Eftirlits- og spásvið

4.4.1 Hlutverk Eftirlits- og spásviðs

Eftirlits- og spásvið leikur lykilhlutverk í íslensku samfélagi þegar kemur að eftirliti, vöktun og þjónustu við almenning og stofnanir vegna náttúruvár og veðurs.

Hlutverk sviðsins er að annast samþætta rauntímavöktun og útgáfu viðvarana og spáa vegna náttúruvár á Íslandi innan þess þjónustusvæðis sem stofnunin ber ábyrgð á. Undir samþætta rauntímavöktun fellur eftirlit með jarðvá, veðurvá, vatnavá, ofanflóðum, sjávarflóðum sem og allri þeirri vá sem ógnað getur öryggi á hafsvæðum umhverfis landið, s.s. hafís, ísingu, ölduhæð og stormum.

Sviðið veitir almenningi, fyrirtækjum og stofnunum innanlands veðurþjónustu í samræmi við lög, reglugerðir og samninga.

Sviðið veitir alþjóðlegri flugstarfsemi flugveðurþjónustu innan íslenska flugstjórnarsvæðisins samkvæmt samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO). Sviðið veitir jafnframt innlendra flugstarfsemi flugveðurþjónustu samkvæmt samstarfssamningi við Isavia.

Til að tryggja gæði þjónustunnar skal Eftirlits- og spásvið sjá til þess:

- Að fullnægjandi gögn séu ávallt fyrir hendi til eftirlits og spágerðar samkvæmt samningum við hlutaðeigandi aðila eða önnur svið Veðurstofunnar.
- Að veitt þjónusta sé miðuð við þarfir notenda, skýrt fram sett og miðlað tímanlega til þjónustuþega.
- Að áreiðanleg og notendavæn eftirlits- og stoðkerfi séu í rekstri sem auðveldi starf sérfræðinga sviðsins, stuðli að öryggi almennings og verndi samfélagshagsmuni.
- Að niðurstöður bestu spálíkana séu gerðar aðgengilegar og nýttar við þjónustuna.
- Að viðeigandi vaaá bendum, verkferlum og viðbragðsáætlunum sé fylgt.

4.4.2 Framtíðarsýn Eftirlits- og spásviðs

Eftirlits- og spásvið leggi sitt af mörkum til að Veðurstofan verði í fararbroddi í eftirliti og vöktun sem og öðru því sem heyrir undir starfssvið hennar. Efld verði samvinna við viðbragðsaðila og aðrar stofnanir sem sinna verkefnum í sömu málaflokkum. Lokið verði við gerð viðbragðsáætlana vegna náttúruvár.

Jarðværeftilrit byggir á spennukortlagningu í rauntíma, sem fæst með samþættri úrvinnslu gagna af ólíkum toga. Jarðværeftilritskerfin dragi fram váábenda og geri forspár um jarðskorpuhreyfingar og virkni eldstöðva mögulegar. Heildstæður þekkingargrunnur um íslensk eldfjöll liggja fyrir árið 2013. Byggður verði upp betri þekkingargrunnur á brotabeltum landsins.

Upplýsingum og gögnum frá ofanflóðaeftirliti verði komið til almennings með skilvirkari hætti. Reglulegar snjóflóðaspár verði gefnar út fyrir ákveðin landssvæði og samstarf við tengda aðila aukið. Lokið verði við heildarmótun eftirlits með skriðuföllum.

Núverandi vöktunarkerfi vatnavár skuli samþætt við veðurathuganir svo rauntímamat á flóðahættu náist. Áhersla verði einnig lögð á að efla eftirlit með annarri flóðahættu. Unnið verði að langtímaáætlun varðandi viðbrögð við flóðavá í samræmi við flóðatilskipun Evrópusambandsins.

Í veðurbjónustu verði notuð veðurlíkön sem standist kröfur notenda og viðskiptavina um upplausn og gæði. Innleidd verði sjálfvirk sannpröfun á öllum mælanlegum þáttum veðurlíkana.

Sértækar spáafurðir verði teknar í notkun sem auki öryggi og velferð notenda.

Notkun fjarkönnunarkerfa verði efld og vægi þeirra við eftirlit með veðurvá og annarri náttúruvá aukið til muna.

Flugveðurbjónusta taki í síauknum mæli mið af breyttum þörfum alþjóðlegrar flugstarfsemi og því samkeppnisumhverfi sem þar er að myndast.

Sviðið fylgi markvissri þekkingarstjórnun Veðurstofunnar og uppfylli hæfnis- og endurmenntunarkröfur Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO) árið 2013.

4.5 Fjármála- og rekstrarsvið

4.5.1 Hlutverk Fjármála- og rekstrarsviðs

Hlutverk Fjármála- og rekstrarsviðs er að gæta þess að fjárhagsáætlun og ársreikningur séu í samræmi við lög. Sviðið annast öflun og varðveislu fjármála- og rekstrarupplýsinga, greiningu þeirra og miðlun til stjórnvalda, samstarfsaðila, stjórnenda og almennra starfsmanna stofnunarinnar. Sviðið ber ábyrgð á innkaupastefnu og skjalastefnu Veðurstofunnar.

Sviðið sér um rekstur upplýsingakerfa Veðurstofunnar og leggur til sérfræðiþekkingu og þjónustu á vettvangi upplýsingatækni. Sviðið ber ábyrgð á tölvugögnum í samræmi við gerða samninga.

Meginverkefni Fjármála- og rekstrarsviðs er að gera öðrum sviðum kleift að uppfylla hlutverk sín með því að annast:

- Fjármál og reikningshald: Bókhald, greiðslu og innheimtu reikninga, launabókhald, innflutning, innkaup og verkbókhald.
- Upplýsingatækni: Rekstur tölvukerfa og þróun hugbúnaðar.
- Vörslu og stjórnun gagna og skjala.

- Upplýsingaveitu: Ytri og innri vef, gagnadreifingu, útgáfustarf og bókasafn.
- Daglegan rekstur: Húsnæði, aðbúnað, mótuneyti, móttöku og símsvörun.
- Verkefnastofu: Innleiðingu faglegrar verkefnastjórnunar, verkstjórn og aðstoð við styrkumsóknir.

4.5.2 Framtíðarsýn Fjármála- og rekstrarsviðs

Fjármála- og rekstrarsvið leggi sitt af mörkum til að Veðurstofan verði í fararbroddi á starfssviðum sínum.

Sviðið stuðli ávallt að upplýstri ákvarðanatöku og skipulagningu í starfsemi Veðurstofunnar með skilvirkri miðlun upplýsinga um stöðu starfseminnar á hverjum tíma. Sviðið haldi uppi öflugri og nútímalegri upplýsingamiðlun, innan lands sem utan, sem byggir á sérhæfingu starfsmanna í skipulegri samvinnu við sérfræðinga á öllum sviðum.

Sviðið hafi yfir að ráða öflugum upplýsingakerfi, þar sem aðgengi starfsmanna að upplýsingum sé í einu miðlægu kerfi.

Sviðið vinni að því að öll verkefni Veðurstofunnar verði unnin samkvæmt samræmdu verkefnaskipulagi.

Sviðið vinni að því að tölvu- og hugbúnaðarkerfi stofnunarinnar séu ávallt í samræmi við samtímakröfur. Sviðið sjái til þess að tölvukerfi verði samræmd og einfaldleiki í rekstri hafður að leiðarljósi.

Sviðið stefni að því að innan fimm ára verði öll tölvukerfi gæðavottuð skv. ISO 9001 og að upplýsingaöryggisstaðallinn ISO 27001 verði kominn í fulla notkun.

Sviðið sjái til þess að hámarks gagnaöryggi verði fyrir öll mikilvægustu kerfi stofnunarinnar og viðskiptavina samkvæmt samningum. Sviðið stefni að því að allur rekstur og þjónusta við sérhæfð kerfi verði bundinn þjónustusamningum. Sviðið taki virkan þátt í og bjóði markvisst fram upplýsingatækniþjónustu sína til innlendra og alþjóðlegra verkefna á starfssviði stofnunarinnar.

Innri framtíðarsýn Fjármála- og rekstrarsviðs er sú að fagsviðin beri enn frekara traust til þess og leiti eftir aðstoð og upplýsingum til sviðsins.

5 Aðferðafræði

Í aðdraganda sameiningar Veðurstofu Íslands hinnar eldri og Vatnamælinga Orkustofnunar unnu starfsmenn stofnananna umfangsmikla vinnu við að móta tilgang og viðfangsefni nýrrar stofnunar. Í framhaldi af ráðningu nýs forstjóra í ágúst 2008 hófst vinna starfsmanna varðandi framtíðarsýn og gildi nýrrar stofnunar. Unnið var út frá lögum um nýja Veðurstofu Íslands undir forystu forstjóra og með faglegrri aðstoð frá ráðgjafar-fyrirtækinu Intellecta. Í byrjun árs 2009 var starfsmönnum síðan skipað niður á svið samkvæmt störfum sínum og nýju skipuriti.

Í byrjun árs 2010 var ákveðið að halda stefnumótunavinnunni áfram. Þá voru hlutverk og framtíðarsýn sviðanna skilgreind ásamt því að stefnur í einstökum málaflokkum voru settar fram. Verkefnið var skilgreint af framkvæmdaráði, sem fól þverfaglegum hópi stjórnenda og annarra starfsmanna að vinna með sérfræðingi í verkefnastjórnun að undirbúningi þess. Auk framtíðarsýnar og hlutverka sviða fengust nokkrar aukaafurðir út úr þessari vinnu, s.s. listi yfir þær kröfur sem stofnunin vinnur eftir, tillögur að verkefnum


sem þarf að vinna til að uppfylla hlutverk stofnunarinnar enn betur og ná þeirri framtíðarsýn sem mótuð var í byrjun.

Verkefnið hófst formlega haustið 2010 og lauk á vordögum 2011. Flestir starfsmenn komu að verkefninu með beinum hætti. Unnið var eftir faglegri verkefnastjórnun sem Heiðveig María Einarsdóttir sérfræðingur stýrði, en auk þess vann Ingveldur Björg Jónsdóttir að úrvinnslu efnisins.

Tillögurnar sem fram komu voru flokkaðar eftir:

- Verkefnaflokkum.
- Sviði.
- Ábyrgðaraðila.
- Markmiði/aðgerð/framkvæmd.
- Áætlaðri útkomu.
- Tegund markmiðs (skammtíma- eða langtímamarkmið).


Stjórnendur tóku síðan afstöðu til verkefnanna með því að meta umfang og forgang þeirra. Hlutverk og framtíðarsýn sviða, verkefni, mælanleg markmið og stefnur voru kynnt starfsmönnum á sviðsfundum og almennum starfsmannafundum í apríl 2011. Áætlað er að innleiða heildarstefnu Veðurstofunnar haustið 2011 samhliða innleiðingu á faglegri verkefnastjórnun á stofnuninni. Aðferðarfræðina má sjá nánar á mynd 2.



Mynd 2. Aðferðafræði.

5.1 Innleiðing

Innleiðing á stefnu í fyrirtækjum og stofnunum er einn mikilvægasti þátturinn í stefnumótunarferlinu og veltur framkvæmd stefnunnar á innleiðingunni. Stefnumótun er verkefni sem stöðugt er í gangi og lýkur aldrei. Veðurstofa Íslands mun innleiða stefnuna samhliða innleiðingu á faglegri verkefnastjórnun á stofnuninni og er áætlað er að sú innleiðing hefjist haustið 2011. Ferli stefnumótunar, innleiðingar og endurskoðunar á stefnu Veðurstofu Íslands er hringrás sem sífellt verður unnið að. Nánari skýringu á ferlinu má sjá á mynd 3.



Mynd 3. Ferill stefnumótunar.

Tillögur að verkefnum frá starfsmönnum eru grunnur að innleiðingunni. Verkefnin móta hana að mestu leyti og nýtast um leið til að innleiða faglega verkefnastjórnun.

Áætlun um innleiðinguna byggir á því að framkvæmdastjórar sviða mynda í sameiningu þverfaglega verkefnahópa og þvert á svið. Framkvæmdastjórar hafa flokkað 315 verkefnatillögur frá starfsmönnum í 15–20 yfirflokka. Yfirflokkarnir fara í ferli verkefnastjórnunar innan stofnunarinnar og verður gerð áætlun um hvern flokk sem síðar verður skilgreindur sem verkefni. Verkefnisstjórar í samvinnu við verkefnahópa þessara verkefna munu nýta þær tillögur sem eru undir hverjum flokki til þess að skilgreina viðfang og markmið verkefnisins auk þess að verkþáttgreina, kostnaðargreina og mannaúsgreina það. Verkefnið fer að því loknu til samþykktar hjá framkvæmdastjórum sem taka að lokum ákvörðun um forgangs röðun og umfang að teknu tilliti til þeirrar áætlunar sem lögð var fram. Að samþykki framkvæmdastjóra fengnu verður verkefnið ræst og síðan framkvæmt.

Með því að vinna að innleiðingunni sem verkefni, eins og lýst hefur verið hér að framan, er kominn grunnur að reglulegri endurskoðun stefnunnar.

5.2 Endurskoðun

Áætlun um endurskoðun á stefnumótun stofnunarinnar felst í því að á hverju sviði verði myndaðir 5–8 manna vinnuhópar sem endurskoða og yfirfara þau verkefni er sett voru af stað með innleiðingunni. Í upphafi koma hóparnir til með að endurskoða öll verkefni sem farið var af stað með þar sem þau eru unnin þvert á svið. Framvinduskýrslur og uppfærðar áætlanir verða notaðar til grundvallar endurskoðuninni. Jafnframt verða skilamöt notuð í þeim tilvikum þar sem verkefnum er lokið þegar endurskoðunin á sér stað. Þegar vinnuhóparnir hafa endurskoðað og yfirfarið þau verkefni sem í gangi eru, vinna starfsmenn allra sviða að endurskoðun á hlutverki og framtíðarsýn sviðanna. Á þessu stigi, sem kallast framkvæmd, vinna starfsmenn allra sviða í 3–4 hópum á hverju sviði að því að svara eftirfarandi spurningum:

- Samræmist skilgreint hlutverk sviðsins því hlutverki sem það er að sinna, þ.e. þeirri vinnu sem þar fer fram?
- Samræmist framtíðarsýn sviðsins þeim markmiðum sem sviðið ætlar sér að ná?

Vinnuhópar sviðanna draga saman niðurstöður vinnunnar sem síðan fer til úrvinnslu hjá framkvæmdaráði. Það tekur afstöðu til niðurstaðna og tillagna hópanna samhliða endurskoðun á þeim 11 stefnum sem stofnunin hefur sett fram. Á lokastigi úrvinnslunnar verða unnin lokadrög að skýrslu sem kynnt verður á sviðsfundum. Að kynningunni lokinni fer framkvæmdaráð yfir þær athugasemdir sem fram komu á fundunum og gefur loka-skýrsluna út. Skýrslan verður síðan notuð sem grunnur að næstu endurskoðun sem og til þess að innleiða þær breytingar er samþykktar voru.

Endurskoðun sem unnin er eftir þessu verklagi er markviss og tekur lágmarkstíma frá starfsmönnum, en þó er tryggt að allir starfsmenn geti komið tillögum sínum á framfæri. Gert er ráð fyrir að endurskoðun fari fram árlega og þá nýtt sem tól til stuðnings við vinnslu fjárhagsáætlunar, bæði fyrir hvert svið sem og stofnunina í heild.

6 Mælanleg markmið

Nauðsynlegt er að tryggja að stefnumótunarvinnunni sé fylgt eftir með þeim hætti að unnt sé að mæla árangur hennar. Því var ákveðið að setja fram mælanleg markmið sem endurspegla tillögur að verkefnum frá starfsmönnum. Ennfremur eru mælanlegu markmiðin í samræmi við hlutverk Veðurstofunnar og sviðanna, sem og stefnu stofnunarinnar og framtíðarsýn hennar. Mælanlegu markmiðin eru alls 21 og eru sett til tveggja til fimm ára. Þau verða endurskoðuð árlega. Mælanleg markmið Veðurstofunnar má sjá nánar í töflu 1.

Tafla 1. Mælanleg markmið Veðurstofu Íslands.

Númer	Lykilþættir	Verkefni/hvernig	Mælitæki	Núverandi staða	Árangur	Markmið
1	Gæðakerfi	Öll starfsemi stofnunarinnar gæðavottuð skv. ISO 9001	Ár/vottun	Einungis veðurþjónusta vottuð	Öll starfsemi vottuð	2016
2	Starfsánægja í samanburði við aðra vinnustaði	Auka starfsánægju í samanburði við aðra vinnustaði	Viðhorfskönnun	Meðal 45% ánægðustu (2011)	Vera meðal 20% ánægðustu	2015
3	Starfsánægja	Auka starfsánægju innan stofnunarinnar	Viðhorfskönnun	3,91	4,2	2015
4	Fjöldi doktorsmenntaðra starfsmanna	Viðbótarmenntun og ráðning	Fjöldi	15%	20%	2015
5	WMO 258	Starfsmenn flugveðurþjónustu uppfylli hæfniskröfur	Staðfesting	Er ekki uppfyllt	Allir starfsmenn flugveðurþjónustu uppfylli hæfniskröfur	2016
6	Fjöldi birtra, ritrýndra greina sem leiddar eru af starfsmönnum Veðurstofunnar	Markviss verkefnastjórnun í rannsóknaverkefnum	Fjöldi	5 (2010)	10	2012
7	Tilvitnanir í greinar starfsmanna Veðurstofunnar	Birta greinar í sterkum vísindatímaritum	SCI (birtingarvísitala)	Tæplega 700 tilvitnanir í greinar starfsmanna Veðurstofunnar 2006-2010	50% aukning	2015
8	Auka rannsóknartekjur	Auka hlutdeild Veðurstofunnar í verkefnum. Leiða fleiri verkefni	Mannmánuðir	Um 5 mannaár á ári að jafnaði	30% aukning	2016

Númer	Lykilþættir	Verkefni/hvernig	Mælitæki	Núverandi staða	Árangur	Markmið
9	Árangur í ljósi markmiða í flugveðurþjónustu	Hvatakerfi, verklag, verkaskipting og ferlar	Samanburður við skilgreind viðmið	Ekki fullnægjandi	Ná skilgreindum markmiðum	2012
10	Þróun aðferða til að meta gæði veðurspáa	Skilgreina, þróa og útbúa tól til mælinga á gæðum veðurspáa	Aðferðafræði innleidd	Aðferðafræði ekki fullbúin	Fullnægjandi mæli-aðferðir til gæðaeftirlits með veðurspám	2013
11	Innleiða matskerfi á gæðum veðurspáa	Innleiða tól til mælinga á gæðum veðurspáa	Mælingar hafnar	Engar mælingar	Skilgreindum markmiðum á gæðum veðurspáa náð	2014
12	Jarðfarsgögn komin í venslagagnagrunn	Þarfagreining, aðgerðaáætlun, fjármögnun, mannauður	Verkefnisáætlun	Ekki til	Samþykkt verkefnisáætlun	2012
13	Starfrækja gagnamiðstöð fyrir náttúrufragsupplýsingar á fagsviðum stofnunarinnar	Þarfagreining, aðgerðaáætlun, fjármögnun, mannauður	Aðgerðaáætlun	Ekki til	Staðfest og samþykkt aðgerðaáætlun	2013
14	Samræmd landsnet mælikerfa á sviði lofts, láðs og lagar	Hafa forystu um samstarf við aðra rekstraraðila mælikerfa	Aðgerðaáætlun	Ekki til	Aðgerðaáætlun	2012
15	Rekstrarkerfi fyrir mælistöðvar og mælitæki	Þarfagreining, aðgerðaáætlun, fjármögnun, mannauður	Verkefnisáætlun	Til í mörgum útgáfum og útfærslum	Samþykkt verkefnisáætlun	2012
16	Viðbragðsáætlanir	Ljúka gerð allra viðbragðsáætlana	Fjöldi viðbragðsáætlana	6	100%	2012
17	Áhættugreining vegna eldgosa	Þarfagreining og verkefnisáætlun í samráði við Almannavarnir að beiðni umhverfisráðuneytisins	Verkefnisáætlun	Engin	Samþykkt verkefnisáætlun	2012

Númer	Lykilþættir	Verkefni/hvernig	Mælitæki	Núverandi staða	Árangur	Markmið
18	Samræmt og vel skipulagt tölvukerfi	Þarfagreining, aðgerðaráætlun, fjármögnun, mannauður	Verkefnisáætlun	Ekki til	Samþykkt verkefnisáætlun	2013
19	Samræmt innra vinnusvæði	Þarfagreining, aðgerðaáætlun, fjármögnun, mannauður	Verkefnisáætlun	Ekki til	Samþykkt verkefnisáætlun	2012
20	Skilgreindir verkferlar og verklag samkvæmt upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001	Verkferlar og verklag	Verkefnisáætlun	Ekki til	Samþykkt verkefnisáætlun	2015
21	Veðurstofan öll í sömu byggingu	Sannfæra stjórnvöld	Aðgerðasáætlun	Ekki til	Samþykkt aðgerðaáætlun	2012